

94. fundur stjórnar Fræðslunets Suðurlands, 16.11.11 kl. 16.30 í lðu á Selfossi.

Mætt: Þór Hreinsson, Gunnar Bragi Þorsteinsson, Magðalena Jónsdóttir, Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Gylfi Þorkelsson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásm. Sverrir Pálsson, fr.kv.stj.

Dagskrá:

1. Samningur við Fjölmenn.

Framkvæmdastjóri hefur fundað með fulltrúum Fjölmennar og mun hitta þá aftur í byrjun desember. Um er að ræða viðamikið verkefni og nauðsynlegt að undirbúa það vel. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu í samræmi við fyrri ákvörðun stjórnar.

2. Húsnæðismálin

Hreyfing er aftur komin á húsnæðismálin. Framkvæmdastjórar Fræðslunetsins og Háskólafélagsins voru boðaðir á fund með framkvæmdastjóra Sveitarfélagsins Árborgar og formanni bæjarráðs nýlega þar sem þessi mál voru til umfjöllunar. Bæjaryfirvöld telja að tækifæri sé til að ljúka breytingum á húsnæði fyrrum Sandvíkurskóla fyrir áramót. Eftir er að ræða nánar leigusamninga og rekstur hússins að öðru leyti. Framkvæmdastjóri mun hitta fulltrúa bæjaryfirvalda á ný næstkomandi föstudag, vegna útfærslna á húsnæðinu o.fl. Unnið verður áfram að málinu af krafti.

3. Samningur við mnrn. og símenntunardeild Nýheima

Samningur við mnrn. sem var tilbúinn til undirritunar er nú til endurskoðunar vegna breyttrar stöðu Nýheima. Sú hugmynd hefur verið viðruð að símenntunardeild Nýheima sameinist Fræðsluneti Suðurlands, í stað þess að vera hluti af Þekkingarneti Austurlands. Stjórn Fræðslunetsins lýsir sig reiðubúna til formlegra viðræðna um málið en telur nauðsynlegt að ætla sér góðan tíma til undirbúnings þess.

Gunnar Bragi fór af fundi að loknum þessum lið.

4. Aukið starfshlutfall hjá Fræðslunetinu

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málinu. Náðst hefur samkomulag við Söndru Gunnarsdóttur um að auka starfshlutfall sitt í 70%, í samræmi við samþykktir síðasta stjórnarfundar.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að þörf er á því að auka hlutfall starfs- og námsráðgjafar og annarra starfa. Stjórn samþykkir heimild til framkvæmds stjóra að auka starfshlutfall hjá Fræðslunetinu.

5. Önnur mál

Umræður urðu um góðan framgang skrifstofu Fræðslunetsins á Hvolsvelli og mikilvægi þess að stofnunin sækti enn betur fram á svæðinu þar fyrir austan.

Breytingar á skipulasgsskrá Fræðslunetsins, sem stjórn hefur samþykkt fyrir sitt leyti, er allflókið lögfræðilegt mál. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að fela JP lögmönnum á Selfossi að ganga frá því máli.

Fundi slitið kl. 18.25.